

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru nr. 22/1994 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. apríl 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um listabókstafi stjórnmalasamtaka.

Ráðuneytið hefur ákveðið listabókstafi stjórnmalasamtaka sem ekki hafa skráðan listabókstaf, sbr. auglýsingu nr. 147 17. febrúar 1999 og auglýsingu nr. 211 22. mars 1999, sem hér segir:

H Húmanistaflokkurinn.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. lög nr. 10 19. mars 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. apríl 1999.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 1981-2001.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. apríl 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 1981-2001.

Breytingin varðar lóð nr. 4 við Helgafell þar sem hluti verslunarsvæðis verður blönduð notkun verslunar og iðnaðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fellahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 15. apríl 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.